

1. maí í Reykjanesbæ

Stéttarfélögin í Reykjanesbæ og nágrenni óska félagsmönnum sínum og öðrum íbúum Suðurnesja gleðilegrar hátíðar á baráttudegi verkalyðsins 1. maí.

Yfirskrift dagsins þetta árið er:


Réttlæti, jöfnuður, velferð

Á þessum degi fögnum við því sem áunnist hefur í réttindabaráttu verkalyðs í gegnum tíðina og leggjum áherslur á nýjar og breyttar kröfur í þágu verkamanna.

Stéttarfélögin á Suðurnesjum bjóða félagsmönnum og öðrum íbúum svæðisins á baráttufund í Krossmóa 4, 5. hæð. milli klukkan 14 og 16 og munu starfsmenn félaganna taka á móti fólki, bjóða upp á kaffi og veitingar meðan húsrúm leyfir.



Guðmundur Hermannsson spilar ljúfa tónlist og **Valdimar** mun koma við og taka nokkur lög fyrir gesti. Eins mun **Leikfélag Keflavíkur** koma og skemmta og formenn félaganna ávarpa gesti.



Stéttarfélögin í Krossmóa verða með einnig með opið hús á skrifstofum félaganna á 4. hæð og hvetjum við fólk til að koma við og kynna sér starfsemi þeirra.

Að venju bjóða stéttarfélögin upp á bíósýningu fyrir börnin kl. 15.00.

